



FRÍKIRKJU- SÖFNUÐURINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. mars 1997.

Alþingi

Erindi nr. Þ 121 / 1007

komudagur 6 / 3 1997

Allsherjarnefnd Alþingis.
Þórshamri við Templarasund.
150 Reykjavík.

Varðar frumvörp til laga um stöðu þjóðkirkjunnar, 301. mál. heildarlög og biskupskosningu, 302. mál.

Fríkirkjan í Reykjavík þakkar hér með Allsherjarnefnd Alþingis fyrir tækifæri til að gefa umsögn um ofangreind frumvörp. Umsögnin fylgir hér með.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Guðmundsson



Til: Allsherjarnefndar Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um stöðu þjóðkirkjunnar, 301. mál, heildarlög og biskupskosningu, 302. mál.

Frá: Fríkirkjunni í Reykjavík

Inngangur

Í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands segir: „Hin evangelísk-lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi“

Í þessari samantekt verður hugtakið samkvæmt stjórnarskrá skrifað Þjóðkirkja (með stórum upphafsstaf).

Þjóðkirkjan skiptist í fjórar kirkjudeildir:

kirkjudeild þá, sem frv. fjalla um, hér eftir skrifad “þjóðkirkja” (innan tilvitnunarmerkja og með litlum upphafsstaf)

Fríkirkjusöfnuðinn í Reykjavík

Fríkirkjusöfnuðinn í Hafnarfirði

Óháða söfnuðinn í Reykjavík.

Þrjár síðastnefndu kirkjudeildirnar eru lúthersk-evangelískar samkvæmt ákvæðum í félagslögum þeirra og í öllu starfi sínu. Þær gera allar kröfu um vígslu presta sinna og eru þar með undir andlegu forræði Biskups Íslands, enda er ekki um neinn trúarlegan ágreining að ræða milli þessarra kirkjudeilda.

Um þetta hefur ekki verið neinn ágreiningur. Prestar allra kirkjudeildanna hafa verið vígðir til prestsstarfa af Biskupi Íslands (,með einni undantekningu, sem var vígsla til starfa í lúthersk-evangelískri kirkju erlendis). Meðal annars má benda á, að bæði prestur og djákni Fríkirkjunnar í Hafnarfirði og prestur Óháða safnaðarins eru vígðir til safnaða sinna af Biskupi Íslands. Prestar hafa farið til starfa milli kirkjudeildanna óhindrað, prestar hinna lúthersk-evangelísku fríkirkjusafnaða fá biskupsbréf og aðrar sendingar biskupsstofu til presta á sama hátt og aðrir prestar Þjóðkirkjunnar og hafa setið prestastefnur með fullum réttindum.

Því er einkennilegt að sjá enn sömu takmarkanir og verið hafa í lögum um seturétt á prestastefnu, þegar reyndin hefur verið í samræmi við stjórnarskrá.

(Frá kirkjulegum sjónarhóli séð, er það svo, að vígi biskup mann til prests, þá er það meðal annars yfirlýsing biskups um að viðkomandi sé til prests hæfur, af kynnum biskups af viðkomandi og vitnisburði þeirra, er til þekkja og biskup treystir. Biskup tekur þar með á sig ábyrgð af þjónustu prestsins og presturinn beygir sig undir leiðsögn biskups. Ábyrgð þessi og undirgefni “erfast” við biskupsskipti. Flutningur milli biskupsdæma hefur sömu áhrif. Felli biskup niður ábyrgð sína á prestí eða prestur segi sig undan leiðsögn biskups, fellur niður umboð prestsins til að starfa innan þeirrar kirkju er biskup leiðir. Vilji söfnuður allt að einu hafa prest áfram jafngildir það úrsögn safnaðarins úr kirkju þeirri er undir biskup heyrir.

Þetta kirkjulega sjónarmið hefur ekki náð neinni festu hér á landi, fyrst og fremst fyrir það, að hér eru prestar flestir embættismenn ríkisvaldsins, sem fer með atvinnurekendavald gagnvart þeim og þar með hefur “húsbóndavald” biskups verið ákaflega veikt, svo og möguleikar biskups til beinna áhrifa á hverjir væru til prests teknir.)

301. mál.

Hinn stóri galli frumvarpsins er að þar er orðið ‘þjóðkirkja’ notað jöfnum höndum og án aðgreiningar um Þjóðkirkju og “þjóðkirkju” (samanber skilgreiningar í inngangi). Frumvarpið er því, eins og það liggur fyrir, sérkennileg blanda af félagslegum reglum fyrir “þjóðkirkjuna” og ákvæðum um Þjóðkirkjuna.

Þessi blanda virðist fyrst og fremst til orðin vegna þess, að sá greinarmunur, sem hér er gerður, hefur ekki verið í huga höfunda frumvarpsins, og því ekki gerður munur á “veraldlegum” rekstri “þjóðkirkjunnar” og starfi Þjóðkirkjunnar, sem trúfélags á evangelísk-lútherskum játningagrunni.

Helst birtast þessir ágallar í umfjöllun um embætti biskups (biskupa). Biskup er annars vegar leiðtogi trúfélags, Þjóðkirkjunnar, og meginþings hennar, prestastefnu. Hins vegar er biskup forstöðumaður kirkjudeildar, “þjóðkirkjunnar”, sem á sínar félagslegu stofnanir, Kirkjuþing, Kirkjuráð, skiptingu í sóknir, prestaköll og prófastsdæmi.

Aðrar kirkjudeildir Þjóðkirkjunnar eiga samsvarandi félagslegar stofnanir eftir því sem þær telja þörf á og lög þeirra kveða á um. Þessar stofnanir starfa án allra afskipta biskups.

Meginefni frumvarpsins fjallar um “þjóðkirkjuna”, sem veraldlegt félag og verður hún að sæta því ein kirkjudeilda, að ríkisvaldið sé að ákvarða henni félagslög. Hins vegar eru í frumvarpinu einstaka ákvæði, sem varða Þjóðkirkjuna. Þau ákvæði miða flest að því, að takmarka aðild og rétt hinna lúthersk- evangelísku fríkirkjusafnaða innan Þjóðkirkjunnar, jafnvel frá því, sem nú er í reynd.

Hér verða ekki gerðar athugasemdir við frv. hvað varðar félagslegar reglur kirkjudeildarinnar “þjóðkirkja”, heldur eingöngu þær, sem fjalla um Þjóðkirkjuna, þar sem athugasemda er talin þörf.

32. gr. um presta

Þessi grein gæti leyst flest vandamál, sem minnst er á í umsögn þessarri, svo fremi hún sé skilin svo: “Þjónandi prestur Þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir föstu starfi í Þjóðkirkjunni. Hann lýtur yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum þótt hann gegni launuðu starfi á vegum aðila sem ekki heyra undir “þjóðkirkjuna”.

27. gr. um prestastefnu

Í þessari grein þarf að koma skirt fram, að með orðinu “þjóðkirkja” sé átt við Þjóðkirkjuna, en ekki “þjóðkirkjuna”, samkvæmt skilgreiningum í inngangi. Að öðrum kosti er verið að takmarka rétt presta, sem ráðnir eru til starfa hjá evangelísk-lútherskum fríkirkjusöfnuðum við málfrelsi og tillögurétt í þeim málum, er varða kenningu kirkjunnar og helgisiði. Slíkt er afturför frá því, sem nú er í reynd og lengi hefur verið.

10. gr. um starfssvið biskups

Í samræmi við skilgreiningar í inngangi ætti síðasta málsgrein að falla brott, því hluti af starfssviði biskups sem leiðtoga Þjóðkirkjunnar er að vígja til prests- og djáknastarfa innan allra kirkjudeilda hennar.

Þessi málsgrein er ný og í henni felst sú grundvallarbreyting, að vígsla til prestsstarfs hjá lúthersk- evangelískum fríkirkjusöfnuði sé biskupi heimil, í stað þess að vera eðlilegur þáttur í embætti leiðtoga Þjóðkirkjunnar. Jafnframt felst í þessu grundvallarbreyting á afstöðu ríkisvaldsins til Þjóðkirkjunnar og embættis biskups hennar, sem með þessu er nánast takmarkað við að biskup sé forstöðumaður einnar kirkjudeildar Þjóðkirkjunnar.

8. gr. um biskupskosningu

Í framhaldi af framansögðu er órýmlegt að kirkjuþing, æðsta veraldlega stofnun einnar kirkjudeildar Þjóðkirkjunnar, setji eitt regliur um biskupskjör, að því er varðar kjör á leiðtoga Þjóðkirkjunnar.

1. gr. um aðild

Hagstofa Íslands heldur þjóðskrá. Í þjóðskrá er ekki skráð trúfélagsaðild, heldur yfirlýsing um það, hvert einstaklingar vilja að sóknargjöld renni.

Um trúfélagsaðild fer samkv. lögum nr. 18/1975, bæði er varðar aðild við fæðingu (5. gr.) og eins aðild við persónulega inngöngu. Þá eru í lögnum ákvæði um á hvern hátt inngöngu og úrsögn skuli bera að. (6. og 8. gr.)

Samkvæmt 8. gr., 4. mgr. eru þær inngöngu- og úrsagnartilkynningar gildar, sem fara um hendur prests eða forstöðumanns.

Aðrar tilkynningar, t.d. til Hagstofu, eru eingöngu fjárhagslegs eðlis en ekki félagslegs. Þannig er skráning á Hagstofu ein og sér eingöngu breyting á því, hver eigi að vera viðtakandi sóknargjalds, en ekki jafnframt skráning um aðild að trúfélagi. (Flestar svokallaðar úrsagnir úr “þjóðkirkjunni” eru því markleysa sem slíkar, meðan “þjóðkirkjan” ekki segir þeim félögum sínum upp félagsaðild fyrir að vilja ekki vera með og leggja “í þúkkið”.) Trúfélög eru ekki heldur bundin af því að telja til félaga alla þá, sem Hagstofa skráir sem styrktaraðila trúfélagsins (og gera það ekki sum hver).

Með 3. mgr. 1. gr. frv. er ráðuneytið Hagstofa orðið einhvers konar skráarhaldari að félagaskrá einnar kirkjudeildar Þjóðkirkjunnar eins trúfélaga.

Þetta ákvæði virðist stangast á við lög um trúfélög auk þess að vera brot á jafnræði að eitt trúfélag þurfi skráningu í þjóðskrá til að aðild að því virki.

Til að gæta jafnræðis milli kirkjudeilda og trúfélaga í þessu efni ætti að fella niður ætti úr 3. mgr. orðin "... og skráning í þjóðskrá ..."

Jarðeignir kirkna og fylgiskjal I.

Meginefni fylgiskjals I er að ríkissjóður skuli greiða laun starfsmanna "þjóðkirkjunnar" skv. nánari ákvæðum. Greiðslur þessar grundvallast á því, að ríkissjóður sé að greiða afgang fyrir ýmsar kirkjueignir, sem verði þar með ríkissjóði til frjálsrar ráðstöfunar. Við þessa ráðstöfun er ekki ástæða til að gera athugasemdir, enda fyrst og fremst mál milli "þjóðkirkjunnar" og ríkissjóðs, en það er rétt að hugleiða aðeins, hvenær kirkjueignir komust í eigu kirkjunnar.

Þegar það gerðist voru allir landsmenn í "kirkjunni" og "kirkjan" eina íslenska stofnunin, sem fór með mál allra landsmanna. Því er rétt að líta á svokalladar kirkjueignir, sem þjóðareignir. Það er eðlilegt, að innlent ríkisvald, sem starfar í umbodi þjóðarinnar, fari með umsjón þessarra eigna nú. Hins vegar er það efmál, hvort ríkisvaldið eigi að láta aðeins nokkurn hluta þjóðarinnar, þótt stór sé, njóta einan afkasturs þessarra eigna og mismuna þegnunum þannig eftir því, hvar þeir skipa trúfélagsaðild sinni. Slík ráðstöfun er brot á jafnræðisreglu. Því stofnun trúfélags og brotthvarf úr "þjóðkirkjunni" á hvorki að vera afsal almennra réttinda né afsal eignaraðildar að þjóðareign.

Því er ekki óeðlilegt að leggja það til, að jafnframt samþykkt á frumvarpinu og þingsályktunartillögu, sem efnislega er samhljóða fylgiskjali I, verði samþykkt að greiða til annarra trúfélaga og móttakenda sóknargjalda samsvarandi upphæð (miðað við höfðatölu) og þáttill. hefur í för með sér.

Sóknargjald, sem rennur til trúfélags greiðenda eru innheimt með staðgreiðslu skatta. Þessar greiðslur berast trúfélögum frá innheimtumönnum staðgreiðslu, samkvæmt skiptingu, sem fer eftir yfirliti, sem Hagstofa Íslands gerir og miðað er við 1. desember árið á undan.

Á fjárlögum ársins 1997 leggur ríkissjóður "þjóðkirkjunni" til kr. 528.700.000,-, samkvæmt samningi ríkis og "þjóðkirkju" um afgang ofanefndrar þjóðareignar. Samsvarandi greiðslna njóta aðrir móttakendur sóknargjalda ekki.

Fengju allir gjaldendur jafna hlutdeild í afrakstrinum af þessari þjóðareign myndi það hækka afgangið um 57,5 milljónir króna um það bil. Þar af rynnu rúmlega 37.200.000,- kr. til trúfélaga og kirkjudeilda annarra en "þjóðkirkjunnar" og nálægt 20.300.000,- kr. til móttakenda sóknargjalda þeirra, sem eru utan trúfélaga.

302. mál.

Í þeirri breytingu, sem lögð er til við lög um biskupskosningu virðist orðið 'þjóðkirkja' enn og aftur eingöngu notað um "þjóðkirkjuna" en ekki um Þjóðkirkjuna. Þó virðist "þjóðkirkjan" hafa stækkað, þar eð sjúkrastofnanir, sem sjálfar launa presta sína virðast geta, samkvæmt frumvarpinu, verið e.k. sóknir innan hennar.

Jafnframt er áréttuð sú útlökun, sem lúthersk-öngelískum frikkirkjusöfnuðum er ætluð úr Þjóðkirkjunni samkv. 301. máli.

Til að kóróna ójafnræðið virðist ennfremur vera ríkjandi einhvers konar gamaldags "prestaskóla"-hugsunarháttur um guðfræðideild Háskóla Íslands. Hann birtist í því, að gefið sé, að kennarar deildarinnar séu í "þjóðkirkjunni", nema ætlunin sé, að "þjóðkirkjan" stækki enn og veiti sérstaka félagadild við biskupskjör kennurum guðfræðideildar í föstu starfi, hvar sem þeir hafa kosið sér trúarlega heimilisvist jafnframt því, sem nokkrir prestar Þjóðkirkjunnar fá ekki að taka þátt í kjöri biskups.

Í 1. tölulíð segir: "..... kennarar guðfræðideildar, enda séu þeir guðfræðikandidatar og prestar, sem ráðnir eru af stjórn sjúkrastofnana til prestsþjónustu þar og lúta yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum eignum, enda gegni þeir því starfi sem aðalstarfi,"

Þessum hluta ætti að breyta í: "..... kennarar guðfræðideildar, enda séu þeir guðfræðikandidatar og félagar í lúthersk-öngelískri kirkjudeild og prestar, sem ráðnir

eru til lúthersk-evangelískrar prestsþjónustu hér á landi og lúta kennivaldi biskups í kirkjulegum efnum

Þessi breyting, ásamt þeim, sem að ofan er ýjað að í 10. gr., 27. gr. og 32. gr. 301. máls, viðurkennir stöðu hinna lúthersk-evangelísku frikirkjusafnaða innan Þjóðkirkjunnar og veitir kosningarétt í biskupskosningum þeim fjórum prestum, sem hjá þeim starfa nú og öðrum, er síðar koma. Auk þess yrði ekki þörf lagabreytinga, þótt aðrar stofnanir en sjúkrastofnanir sjái ástæðu til að ráða presta til starfa og greiða þeim laun. Sem dæmi um slíkar stofnanir má nefna lögreglu, Fængelsismálastofnun, dvalarheimili, sem ekki flokkast sem sjúkrastofnanir, og ýmis félagasamtök.

Auk þess er rétt að benda á, hvort ekki sé rétt að fella niður orðin “innan Þjóðkirkjunnar” úr því, sem á eftir kemur, svo það verði: ..., og prestvígðir menn, sem ráðnir eru til sérstakra starfa á vegum biskups og ..”. Þessi breyting tryggir, að þeir prestar, sem ráðnir eru af íslenskri kirkju til starfa erlendis eigi kosningarétt í biskupskosningum.